



280. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 14. maí 2019, kl. 15:00 að Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi og í ráðhúsinu Ölfusi.

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice, Sveinn Guðmundsson, formaður félags sumarhúsaeigenda og Elliði Vignisson, sveitarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss.

1. Skoðunarferð í Kirkjuferjuháleigu

Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, mætti með fundarmönnum að Kirkjuferjuháleigu þar sem frágangur á urðunarstaðnum var skoðaður. Frágangur á staðnum er til mikillar fyrirmyndar.

2. Félag sumarhúsaeigenda - samtal

Sveinn Guðmundsson, formaður félags sumarhúsaeigenda, mætti á fundinn. Rætt var um möguleika til að innleiða viðeigandi flokkun sorps í bústöðum og stöðuna í málaflokknum. Stefáni falið að senda upplýsingar til félagsins sem myndu nýtast til upplýsingargjafar til félagsmanna

3. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason fór yfir stöðu mála vegna vinnslu úrgangs og förgunar.

- **Framkvæmd á urðunarsamningum:**
Flutt hafa verið um 300 tonn á mánuði til urðunar í Fíflholti. Lítið hefur farið í Stekkjarvík. Þetta magn rúmast vel innan þeirra samninga sem gerðir voru í vetur.
- **Útflutningur á úrgangi:**
Útflutningur á brennanlegu sorpi mun hefjast í júní af hálfu Íslenska Gámafélagsins.
- **Greining á urðunarstöðum:**
Rýna þarf vel þau gögn sem liggja fyrir. Efla verður fengin til að yfirfara greiningarnar og þrengja þann fjölda staða sem hafa komið til greina.
- **Áætlun um aðgerðir vegna endurskoðunar Svæðisáætlunar:**
Stefáni falið að vinna frumdrög að aðgerðaáætlun í samráði við stjórnarmenn.

4. Önnur mál

Skoðað þarf hvort SOS skuli eiga aðkomu að kynningarherferðum til að auka flokkun, með sérstaka áherslu á fyrirtæki.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 11. júní næstkomandi á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 18:00